

126. Stjórnarfundur Fenúr

Mætt: Ragna I. Halldórsdóttir, Helga J. Bjarnadóttir, Ingvar Halldórsson, Már Karlsson, Guðmundur Tryggvi Ólafsson og Guðmundur B. Friðriksson.

Staður og stund: Sorpa, Gufunesi þann 3. maí 2011 kl. 12:20

Þetta gerðist

1. Dagskrá ráðstefnu
Farið var yfir dagskrá ráðstefnu í kjölfar aðalfundar 2011. Allir fyrirlestara utan MAST og UST höfðu staðfest að þeir verði með erindi á ráðstefnunni. Hringt var í Kjartan Hreinsson á Matvælastofnun og Helga Jensson á Umhverfisstofnun á fundinum. Ákveðið að hafa þrjú 10 mín erindi um nýtingu á lífrænum áburði, Eiður Guðmundsson sem framkvæmdaaðili (Molta ehf.), Helgi hjá UST og Kjartan hjá MAST. Umræður um málið, sem fundarstjóri stýri, verði í kjölfarið.
2. Skýrsla stjórnar
Ragna er að vinna í skýrslu stjórnar. Líkur henni í dag og sendir á stjórnarmenn.
3. Starfs- og rekstraráætlun næsta starfsárs
Már lagði fram drög að áætlun. Farið var yfir drögin. Már klárar þau og sendir stjórnarmönnum til yfirlstrar. Tryggja þarf að rekstraráætlunin verði yfir núlli.
4. Reikningar sl. árs.
Ársreikningarnir eru í yfirlstri hjá skoðunarmönnum.
5. ISWA
Póstar hafa borist frá ISWA varðandi tilnefningu í vinnuhópa. Ákveðið að gera ISWA vel skil í næsta tölublaði Fenúrfretta. Í blaðinu verði sagt frá samtökunum, sem Fenúr er aðili að, tekið viðtal við formenn sem hafa sótt aðalfundi og ráðstefnur ISWA, greint frá tímáritum ISWA, hópastarfi og öðru efni sem félagsmenn Fenúr geta nýtt sér vegna aðildar Fenúr að ISWA.
6. Breyting á samþykktum Fenúr
Farið var yfir drög að breytingu á samþykktum Fenúr þar sem ráðgjafastjór Fenúr er felld úr samþykktum félagsins. Drögin samþykkt. Guðmundur sendir Rögnu drögin til fjölritunar fyrir aðalfundinn.

Fundi slitið kl. 13:30

Fundarritari: Guðmundur B. Friðriksson